

Fundargerð 261. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður:	Fundarsalur Þingborg
Fundardagur:	Þriðjudagur 3. maí 2022
Fundartími:	9:00 – 10:55
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Stefán Geirsson varamaður Hrafnkels Guðnasonar varaoddvita Margrét Jónsdóttir Rósa Matthíasdóttur Sigurður Ingi Sigurðsson Friðrik Einarsson endurskoðandi KPMG undir lið nr. 5 Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Við dagskrána bætist liður nr. 13. Önnur mál: a) Tilnefning varamanna í kjörstjórn Flóahrepps. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 237, dags. 13.04.2022

a) Bergholt L197225 (áður Hróarsholt spilda G); Deiliskipulag

Lagt er fram deiliskipulag í landi Bergholts L197225 (áður Hróarsholt spilda G) eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir íbúðarhús, útihús og gestahús ásamt því að ný aðkoma er skilgreind að landinu. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum skipulagsgögnum.

Skipulagsnefnd telur að brugðist hafi verið við athugasemdum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra skipulagsgagna. Nefndin telur að ekki sé þörf á að skilgreina aðkomu að landi Hróarsholts 1, norðan skipulagssvæðisins, innan deiliskipulagstillögu að svo stöddu enda taki framlagt skipulag ekki til framkvæmdaheimilda innan lands Hróarsholts 1. Landið liggur að vegi og er því möguleiki á að komast að landinu að óbreyttu m.v. núverandi notkun þess. Komi til framkvæmda innan lands Hróarsholts 1 norðan skipulagssvæðisins verði tekin afstaða til aðkomu að henni með deiliskipulagningu viðkomandi lands og/eða breytinga á deiliskipulagi þessu, sé talin þörf á að samnýta afleggjara. Rotþró innan skipulagssvæðisins hefur verið færð til í takt við athugasemdir. Byggingarreitur fyrir hesthús hefur að sama skapi verið færður til innan skipulagsmarka með það að markmiði að minnka grenndaráhrif vegna framkvæmda innan lóðarinnar. Gert er ráð fyrir að byggingarreitur fyrir útihús megi vera í allt að 50 metra fjarlægð frá vegi sbr. gr. 5.3.2.5 lið d. skipulagsreglugerðar. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lagt er fram deiliskipulag í landi Bergholts L197225 (áður Hróarsholt spilda G) eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir íbúðarhús, útihús og gestahús ásamt því að ný aðkoma er skilgreind að landinu. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum skipulagsgögnum.

Sveitarstjórn Flóahrepps telur að brugðist hafi verið við athugasemdum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra skipulagsgagna. Sveitarstjórnin telur að ekki sé þörf á að skilgreina aðkomu að landi Hróarsholts 1, norðan skipulagssvæðisins, innan deiliskipulagstillögu að svo stöddu enda taki framlagt skipulag ekki til framkvæmdaheimilda innan lands Hróarsholts 1. Landið liggur að vegi og er því möguleiki á að komast að landinu að óbreyttu m.v. núverandi notkun þess. Komi til framkvæmda innan lands Hróarsholts 1 norðan skipulagssvæðisins verði tekin afstaða til aðkomu að henni með deiliskipulagningu

viðkomandi lands og/eða breytinga á deiliskipulagi þessu, sé talin þörf á að samnýta afleggjara. Rotþró innan skipulagssvæðisins hefur verið færð til í takt við athugasemdir. Byggingarreitur fyrir hesthús hefur að sama skapi verið færður til innan skipulagsmarka með það að markmiði að minnka grenndaráhrif vegna framkvæmda innan lóðarinnar. Gert er ráð fyrir að byggingarreitur fyrir útihús megi vera í allt að 50 metra fjarlægð frá vegi sbr. gr. 5.3.2.5 lið d. skipulagsreglugerðar. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Krókur (L166243); umsókn um byggingarleyfi; íbúðarhús með sambyggðum bílskúr – 2204004

Fyrir liggur umsókn Svans Þ. Brandssonar fyrir hönd Ólafs Bjarnasonar, móttekin 01.04.2022, um byggingarleyfi fyrir 238 m² íbúðarhús með sambyggðum bílskúr á jörðinni Krókur L166243 í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn að útgáfa byggingarleyfis fari fram samhliða gildistöku deiliskipulags fyrir svæðið.

Fyrir liggur umsókn Svans Þ. Brandssonar fyrir hönd Ólafs Bjarnasonar, móttekin 01.04.2022, um byggingarleyfi fyrir 238 m² íbúðarhús með sambyggðum bílskúr á jörðinni Krókur L166243 í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að útgáfa byggingarleyfis fari fram samhliða gildistöku deiliskipulags fyrir svæðið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Flóaskóli og Þjósársver; Skólasvæði og félagsheimili; Deiliskipulag – 2204025

Lögð er fram umsókn frá Flóahreppi er varðar heildarendurskoðun deiliskipulags vegna Flóaskóla og Þjósársvers. Í deiliskipulaginu eru skilgreindar heimildir fyrir framtíðaruppbyggingu innan svæðisins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lögð er fram umsókn frá Flóahreppi er varðar heildarendurskoðun deiliskipulags vegna Flóaskóla og Þjósársvers. Í deiliskipulaginu eru skilgreindar heimildir fyrir framtíðaruppbyggingu innan svæðisins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir deiliskipulagstillöguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Loftstaðir – Vestri; verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag – 2204020

Lögð er fram umsókn frá Nýhugsun ehf. er varðar nýtt deiliskipulag innan jarðarinnar Loftstaðir-Vestri. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir heimildum er varðar uppbyggingu á allt að 11 gistihúsum 40-75 fm að stærð hvert auk þess sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustuhúss allt að 120 fm að stærð. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir uppsetningu tjalda til útleigu fyrir gistingu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lögð er fram umsókn frá Nýhugsun ehf. er varðar nýtt deiliskipulag innan jarðarinnar Loftstaðir-Vestri. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir heimildum er varðar uppbyggingu á allt að 11 gistihúsum 40-75 fm að stærð hvert auk þess sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustuhúss allt að 120 fm að stærð. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir uppsetningu tjalda til útleigu fyrir gistingu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir deiliskipulagstillöguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Þingborg íbúðabyggð; Endurskoðað deiliskipulag – 2204026

Lögð er fram umsókn frá Flóahreppi er varðar heildarendurskoðun deiliskipulags vegna íbúðarsvæðis við Þingborg. Deiliskipulagið nær til um 8 ha svæðis þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á fjölbreyttu íbúðarhúsnæði.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Lögð er fram umsókn frá Flóahreppi er varðar heildarendurskoðun deiliskipulags vegna íbúðarsvæðis við Þingborg. Deiliskipulagið nær til um 8 ha svæðis þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á fjölbreyttu íbúðarhúsnæði.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Krókur L166243; Deiliskipulag – 2112033

Lagt er fram nýtt deiliskipulag sem tekur til Króks L166243 í Flóahreppi eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan jarðarinnar. Innan skipulagsins er m.a. gert ráð fyrir tveimur íbúðarhúsum, skemmu, geymslu og gestahúsum. Óverulegar breytingar voru gerðar á deiliskipulaginu á auglýsingatíma skipulagsins. Innan greinargerðar er bætt við umfjöllun er varðar flóðahættu, skerpt er á texta er varðar verndun minja og texti er varðar brunavarnir er uppfærður. Helstu breytingar á uppdrætti taka til þess að lóð L2 fyrir íbúðarhús og gróðurhús er felld út úr skipulaginu, íbúðarhúsi og gróðurhúsi er bætt við byggingarreit B2 og skilgreiningu á hreinsivirki er bætt við.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti. Í takt við skilmála deiliskipulagsins telur nefndin mikilvægt að Minjavörður Suðurlands verði viðriðinn allar framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á grundvelli skipulagsins og eru í grennd við skilgreindar minjar. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lagt er fram nýtt deiliskipulag sem tekur til Króks L166243 í Flóahreppi eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan jarðarinnar. Innan skipulagsins er m.a. gert ráð fyrir tveimur íbúðarhúsum, skemmu, geymslu og gestahúsum. Óverulegar breytingar voru gerðar á deiliskipulaginu á auglýsingatíma skipulagsins. Innan greinargerðar er bætt við umfjöllun er varðar flóðahættu, skerpt er á texta er varðar verndun minja og texti er varðar brunavarnir er uppfærður. Helstu breytingar á uppdrætti taka til þess að lóð L2 fyrir íbúðarhús og gróðurhús er felld út úr skipulaginu, íbúðarhúsi og gróðurhúsi er bætt við byggingarreit B2 og skilgreiningu á hreinsivirki er bætt við.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti. Í takt við skilmála deiliskipulagsins telur sveitarstjórn mikilvægt að Minjavörður Suðurlands verði viðriðinn allar framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á grundvelli skipulagsins og eru í grennd við skilgreindar minjar. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) Heiðarbær Stórholt L166345, Heiðarbær Litlaholt L204983 og Smáholt L208386; Deiliskipulag – 1907022

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til smábýlalóða í landi Heiðarbæjar. Alls er gert ráð fyrir 11 lóðum innan skipulagssvæðisins þar sem heimilt verði að byggja íbúðarhús, gestahús og útihús eða vélageymslu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um lagfærð gögn.

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til smábýlalóða í landi Heiðarbæjar. Alls er gert ráð fyrir 11 lóðum innan skipulagssvæðisins þar sem heimilt verði að byggja íbúðarhús, gestahús og útihús eða vélageymslu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um lagfærð gögn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

h) Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-162 – 2204001F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. apríl 2022.

2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 238 dags. 27.04.2022

a) Stóra Ármót L166274; Rannsóknarborun; HT-35; Framkvæmdaleyfi

Lögð er fram umsókn frá Selfossveitum bs. vegna framkvæmdaleyfis. Í umsókninni felst beiðni um borun rannsóknarborholu í landi Stóra – Ármóts.

Ekki liggur fyrir deiliskipulag sem gerir grein fyrir framkvæmdaheimildum er varðar boranir innan landsins. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og mælist til þess að útgáfa framkvæmdaleyfis verði grenndarkynnt aðliggjandi landeigendum.

Lögð er fram umsókn frá Selfossveitum bs. vegna framkvæmdaleyfis. Í umsókninni felst beiðni um borun rannsóknarborholu í landi Stóra – Ármóts.

Ekki liggur fyrir deiliskipulag sem gerir grein fyrir framkvæmdaheimildum er varðar boranir innan landsins. Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og mælist til þess að útgáfa framkvæmdaleyfis verði grenndarkynnt aðliggjandi landeigendum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-163 – 2202002F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-163-2202002F.

3. Leikskólastjóri í Krakkaborg - tillaga um ráðningu

Lagt fram minnisblað frá Lind Einarsdóttur ráðgjafa FAST ráðninga vegna auglýsingar eftir leikskólastjóra í Krakkaborg. Aðeins barst ein umsókn um starfið frá Söru Guðjónsdóttur starfandi leikskólastjóra. Niðurstaða ráðningarstofunnar eftir yfirferð umsóknar og viðtal við umsækjanda er að Sara uppfyllir þær hæfniskröfur sem settar voru fram fyrir starfið. Hún hefur reynslu af starfinu og áhuga á að þróa starfið enn frekar áfram. Fyrir liggur bókun frá fræðslunefnd Flóahrepps þar sem mælt er með ráðningu hennar í starfið.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra að ganga frá ráðningu Söru Guðjónsdóttur í stöðu leikskólastjóra Krakkaborgar frá og með 1. ágúst 2022.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Menningarstyrkur Flóahrepps – afgreiðsla umsókna

Margrét Jónsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Umsóknir um menningarstyrk Flóahrepps 2022 bárust frá eftirtöldum aðilum:

- Skógræktarfélag Villingaholtshrepps
- Flóamannabók
- Ullarvinnslan Þingborg - Ullarvika 2022
- Sigga á Grund

Faghópur SASS mun skila álitni í þessari viku og afgreiðslu umsóknanna frestað þar til það liggur fyrir. Sveitastjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu málsins þar til það liggur fyrir.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

5. Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2021 ásamt endurskoðunarskýrslu

Lagður fram til síðari umræðu ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2021 ásamt endurskoðendaskýrslu ársins 2021

Helstu niðurstöður samantektar A og B hluta eru eftirfarandi í þúsundum króna:

• Rekstrartekjur	847.696
• Rekstargjöld	834.381
• Rekstarniðurstaða fyrir afskriftir	13.315
• Afskriftir	(24.332)
• Fjármunatekjur/fjármagnsgjöld	(7.764)
• Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	(18.782)
• Eigið fé	696.046
• Skuldir	258.194
• Eigið fé og skuldir samtals	954.240
• Veltufé frá rekstri	16.000
• Handbært fé í árslok	200.681

Samkvæmt niðurstöðu ársreikning Flóahrepps liggur fyrir að rúmlega 18 millj. kr. halli er samanlagt á rekstri A og B hluta. Þar vegur þyngst og ekki gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins, hækkun á framlögum til Bergrisa vegna málaflokks fatlaðra sem ekki komu fram fyrr en við frágang ársreiknings, rúmlega 11 milljónir kr, ófyrirséð hækkun á framlögum til félagsþjónustu, hækkun á framlögum til úrgangsmála þrátt fyrir að íbúar séu stöðugt að bæta árangur sinn í flokkun á endurvinnsluefnum sem vegur á móti auknum kostnaði við afsetningu á úrgangi. Samkomulag sveitarfélaganna sem reka Seyrustaði um kostnaðarskiptingu leiddu einnig af sér aukinn kostnað vegna afsetningar á seyru. Samþykkt framlög til annarra sveitarfélaga vegna námsvistar kölluðu einnig á aukin útgjöld fyrir sveitarsjóð og aukning lífeyrisskuldbindinga vegna útreikninga tryggingarstærðfræðinga á hækkuðum lífaldri. Þessi niðurstaða leiðir til þess að handbært fé í árslok er 200,6 milljónir og hefur lækkað um 4,8 milljónir frá fyrra ári. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 - 2025 verður endurskoðuð með tilliti til þessarar niðurstöðu.

Auk þessa sem upptalið er hér fyrir framan er rétt að benda á að á árinu samþykkti sveitarstjórn að fella niður leikskólagjöld á þeim tíma sem „Covid“ torveldaði fulla mætingu í leikskóla, meiri forföll voru hjá starfsmönnum en í meðalári, stytting vinnuvikunnar kallaði á aukna yfirvinnu, og af því skapaðist aukinn launakostnaður ásamt því að helgarbókanir í félagsheimili féllu nánast niður í 8 mánuði af árinu. En við horfum bjartsýn á framhaldið. Skatttekjur aukast í takt við launahækkunar og uppbygging á svæðinu eykur tekjur af fasteignagjöldum á næstu árum. Samfélagið er nú óðum að losna úr hömlum síðustu tveggja ára og þá þarf að „spýta í lófana“ njóta þess að ekki eru takmarkanir á samskiptum, halda vel á málum og rýna vel alla útgjaldaliði samhliða þeirri uppbyggingu sem áætluð er. Fjármagni hefur verið úthlutað í 4 ára fjárhagsáætlun til myndarlegrar uppbyggingar á skólamanntekjum við Flóaskóla. Nauðsynlegt er að forgangsraða rétt og nýta hverja krónu vel.

Ársreikningur ársins 2021 samþykktur samhljóða og áritaður af sveitarstjórn.

6. Erindi frá Svanhvít Hermannsdóttur – staða inneignar Flóahrepps hjá Árborg

Fyrirspurn um þríhliða samning LV, Árborgar og Flóahrepps vegna vatnsöflunar. Samkvæmt upplýsingum frá Árborg og yfirliti dags. 31.03.2021 er inneign Flóahrepps kr 76 milljónir með verðbótum og einingarverð samkvæmt samningi er 36,7746 kr/m³. Einingarverð hefur verið óbreytt frá gildistöku samnings. Flóahreppur notar vatn að andvirði 9 – 10 milljónum króna á

ári í gegnum mæli Árborgar en á móti koma verðbætur á eftirstöðvar. Sveitarstjórn hefur ekki áform um að kalla eftir breytingum á einingarverði.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2022 – áætluð fjárþörf Bergrisans bs

Lagt fram yfirlit frá sveitarfélaginu Árborg sem sýnir áætlaða fjárþörf Bergrisans bs. umfram útsvarshluta árið 2022 kr 398,2 milljónir. Hlutur Flóahrepps af þeirri upphæð er 10.025.757 kr. Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum af því að framlög ríkisins standi ekki betur undir sívaxandi kostnaði við málaflökkinn. Innleiðing á styttingu vinnuviku í vaktavinnu ein og sér hækkaði launalið verkefnisins um 15 % á síðasta ári. Sveitarstjórn samþykkir viðauka kr. 10.025.757 sem mætt verður með lækkun á handbæru fé. Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Niðurrif á húsnæði - niðurstaða verðkönnunar

Lögð fram niðurstaða verðkönnunar vegna niðurrifs á elsta hluta Flóaskóla sumarið 2022. Eftirtalin tilboð bárust:

- Heflun ehf 7.404.000 kr m.vsk
- Work North 13.052.000 kr. m.vsk
- Kostnaðaráætlun 8.720.000 kr. m. vsk

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að ganga til samninga við Heflun ehf. á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Samfélagsleg áföll – uppfærsla viðbragðsáætlunar almannaavarna

Lögð fram endurskoðuð og uppfærð viðbragðsáætlun almannaavarna vegna samfélagslegra áfalla. Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Frá nefndarviði Alþingis – til umsagnar:

- a) Frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð), 59. mál.
Lagt fram til kynningar.
- b) Drög að frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum vegna tilfærslu fasteignaskrár frá Þjóðskrá Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.
Lagt fram til kynningar.
- c) Frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar (umhverfisvæn orkuöflun), 582. mál
Lagt fram til kynningar.

11. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 260, dags. 05.03.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) NOS dags. 06.04.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 24. dags. 11.04.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) Aukafundur Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 24 dags. 07.02.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) Stjórnar SOS nr. 310, dags. 29.03.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 217 dags. 30.03.2022 ásamt ársreikningi og samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaganna á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) Stjórnar SASS nr. 580 dags. 01.04.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) Stjórnar SASS nr. 581 dags. 25.04.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

12. Efni til kynningar:

- a) Ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga 2021
- b) Frá Félagi Grunnskólakennara – Betri vinnutími í dagvinnu, leiðbeiningar fyrir vinnutímahópa

- c) Lykiltölur úr Þjóðskrá
- d) Lok kjörtímabils og næsti fundur sveitarstjórnar
Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar sveitarstjórn, nefndarmönnum, starfsmönnum og íbúum öllum fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu. Næsti fundur samkvæmt samþykktum verður haldinn fyrsta þriðjudag í júní.

13. Önnur mál

a) Kjörstjórn Flóahrepps

Vegna nýrra reglna um hæfi til setu í kjörstjórnnum verða Gísli Hauksson formaður og Rannveig Árnadóttir áfram aðalmenn. Ólafur Þórarinsson varamaður, verður aðalmaður. Baldur Sveinsson verður 1. varamaður, Stefanía Geirsdóttir 2. varamaður og Höskuldur Gunnarsson 3. varamaður.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Tölvur sveitarstjórnar.

Tillaga um að tölvur núverandi sveitarstjórnar verði ekki innkallaðar heldur keyptar nýjar fyrir næstu sveitarstjórn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

14. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Stefán Geirsson (sign)

Eydís P. Indriðadóttir (sign)